

Athugið!

Næsti Pési kemur út
8. maí Efni þarf að
berast fyrir **4. maí**.

Fjölskyldudagar vöktu mikla lukku

Fjölskyldudagar voru haldnir á Flúðum dagana 23.–24. febrúar og var dagskráin fjölbreytt og vel sótt. Boðið var upp á fjölskylduvæna viðburði á nokkrum stöðum, meðal annars í íþróttahúsinu, bókasafninu og í sundlauginni. Boðið var uppá frjálsan fjölskyldutíma í íþróttahúsinu og sund þar sem allir gátu notið samveru. Hápunktur dagskrárinnar var þegar rithöfundurinn Gunnar Helgason kom í heimsókn á bókasafnið og las upp úr bókinni Birtingur og símabannið mikla. Upplsturinn vakti mikla lukku hjá bæði börnum og fullorðnum. Fjölskyldudögum lauk svo með „símabanni í sundi“ þar sem gestir nutu þess að vera saman án síma. Viðburðurinn tókst afar vel og skapaði skemmtilega samveru fyrir fjölskyldur í vetrarfríinu á Flúðum.



Fríbúð opnuð í félagsheimilinu



Starfsmenn VISS opnuðu Fríbúð í félagsheimilinu nýlega. Þar er hægt að finna alls konar hluti, bækur, blöð og fatnað sem kosta ekki neitt. Síðan er hægt að koma með alls konar dót á til VISS og þar sjá starfsmenn um að allt sé í góðu lagi sem fer í búðina.

Er Fríbúðin afar skemmtileg viðbót við alla þá líflegu þjónustu sem núna má finna í Félagsheimilinu á Flúðum.

Pistill frá sveitarstjóra

Í Hrunamannahreppi er lifandi og fjölbreytt mannlíf en hápunktur skemmtanalífs íbúa er framundan, sjálft Hjónaballið. Samkvæmt innherjaupplýsingum hafa selst yfir 500 miðar svo það verður án vafa mikið fjör í íþróttahúsinu núna á laugardaginn. Það er einstakt ánægjuefni að verða vitni að því að ár eftir ár leggur stór hópur íbúa nótt við nýtan dag til að þessi skemmtun verði sem best úr garði gerð. Slíkt er ekki sjálfsagt og er aldrei of oft þakkað. Þið öll eigið heiður skilinn fyrir dugnaðinn, hugmyndaauðgina og kraftinn sem felst í slíku starfi. Þessar þakkir taki allir til sín sem einhvern tíma hafa starfað í hjónaballsnefnd og þeir sem taka munu við keflinu á laugardagskvöldið.



En í starfi sveitarfélags stendur tíminn aldrei kyrr og verkefnum lýkur aldrei. Á hverjum degi, í hverri viku, bætast við ný og fjölbreytt verkefni sem þarf að sinna en það er nú einmitt það sem gerir þetta starf svo skemmtilegt. Það er mikilvægt að horft sé samtímis til framtíðar en jafnframt hugað að því sem gerir samfélagið okkar sterkt – þjónustunni, innviðunum og mannlífinu.

Hrunamannahreppur, ásamt öðrum sveitarfélögum í uppsveitum Árnessýslu, hefur ákveðið að selja Bláskógabyggð sinn hluta í Laugarásjörðinni. Af þeirri sölu koma 84 m.kr. í hlut Hrunamanna. Þetta er umtalsverð fjárhæð sem styrkir stöðu sveitarfélagsins og skapar svigrúm til að halda áfram að byggja upp nauðsynlega innviði og bæta þjónustu enn frekar. Það er ávallt gott ef slíkar einskiptistekjur eru notaðar til verkefna sem bæta lífsgæði en auka ekki rekstrarkostnað til framtíðar.

Þá er það gleðilegt að Apótek Suðurlands sé að opna í vikunni. Apótekið mun bæta þjónustu og styrkja starfsemi heilsugæslunnar sem er í sama húsi. Að geta farið til læknis og nálgast um leið öll nauðsynleg lyf í sama húsnæði sparar tíma, akstur og óþarfa flækjur í lífi íbúa á svæðinu.

Það er gaman að sjá að menningarmiðstöðin í Félagsheimilinu er að festa sig í sessi. Húsið iðar af lífi, sífellt fleiri gestir koma í heimsókn, njóta aðstöðunnar og þeirra fjölbreyttu viðburða sem þar hafa verið haldnir. Það er ekki sjálfsagt að svona starfsemi blómstri, en hún gerir það hér – vegna samstöðu og metnaðar íbúanna og einstakri hugmyndaauðgi forstöðumanns. Svona starfsemi styrkir ímynd Flúða og Hrunamannahrepps sem áfangastaðar og búsetukosts.

Breyting hefur verið gerð á innheimtu fjallskilagjalds en innheimta fjallskila í þeirri mynd sem hún var hefur orðið sífellt ósanngjarnari, sérstaklega með breyttri búsetu íbúa og breyttri landnotkun í sveitarfélaginu. Samningar sem gerðir hafa verið undanfarin ár um afnot af lóðum á afréttinum skapa umtalsverðar tekjur sem gefur síðan möguleika á því að gjald sem innheimt hefur verið af landeigendum verði endurskoðað. Sveitarstjórn hefur því samþykkt að fjallskilagjald fyrir árið 2025 verði 220 kr. per vetrarfóðraða kind og lagt einungis á þá bæi sem nýttu afréttinn sumarið 2025. Í framtíðinni er svo gert ráð fyrir að sama aðferð verði viðhöfð.

Fljótlega munu vorverkin hefjast og fjöldi framkvæmda fer í gang. Endurnýjun á dúknum í sundlaugarkerinu er mikilvæg en gert er ráð fyrir að sú framkvæmd muni eiga sér stað í lok maí, byrjun júní. Endurgera á anddyri félagsheimilisins, einnig í maí, og hönnun viðbyggingar við leikskólann þarf að hefjast fljótlega. Unnið er af krafti að því að fá nauðsynleg leyfi og undirbúa útboð á vatnslögninni frá Blákvísl og niður að Flúðum. Þetta er gríðarleg framkvæmd og mikilvægt að hún takist vel. Einnig er framundan frágangur á Röðulstanga og malbikslögn á lðjulslóð svo fátt eitt sé nefnt. Þannig að það er ekkert lát á framkvæmdum á svæðinu.

En mitt í gleði okkar yfir góðu samfélagi dró ský fyrir sólu þegar brotist var inn í sundlaugarhúsið, skemmdir unnar og ýmsu stolið. Við vorum vel tryggð og fáum tjónið væntanlega að mestu leyti bætt. Nú hefur verið ákveðið að setja upp eftirlitsmyndavélar á öllum stofnunum sveitarfélagsins. Þó ekki sé nema til að auðvelda lögreglu störf sín og mögulega hafa myndavélar einnig fælingarmátt.

Hægt væri að skrifa miklu meira um allt það sem er í gangi eða það sem framundan er. En það kemst ekki fyrir í Pésanum okkar. Því vil ég hvetja ykkur öll til að fylgjast með heimasíðunni og samfélagsmiðlum. Þar má fræðast um flest það sem í gangi er í okkar góða samfélagi.

Að lokum er rétt að geta þess að í Hrunamannahreppi er unnið eftir skýrri framtíðarsýn og ríkum vilja til að bæta samfélagið. Sveitarstjórn er samstíga, nefndarmenn duglegir og starfsmenn allir af vilja gerðir til að þjónusta íbúa, sem er í raun eina hlutverk sveitarfélagsins. Við horfum því bjartsýn fram á veginn og hlökkum til komandi mánaða

*Bestu kveðjur
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri*

Sveitarstjórnarkosningar 2026

Sveitarstjórnarkosningar verða laugardaginn 16. maí.

Frestur til að skila inn framboðum
rennur út 10. apríl kl. 12.00.

Móttaka framboða auglýst síðar.

Athugið að nú er hægt að safna meðmælum vegna framboða
rafrænt á island.is

Mælst er til þess að oddvitar framboða stofni söfnun en nafn þeirra
og fæðingardagur birtist sem stofnandi söfnunar.

Einnig er heimilt að safna meðmælum á pappír en mælst er til þess
að þau séu slegin inn í rafræna meðmælendakerfið áður en frum-
ritum meðmælanna er skilað inn ásamt framboðstilkynningu.

Á vefsíðunni kosning.is má finna helstu upplýsingar um framboð og
kosningar.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps



Tilnefningar óskast: Íþróttamaður ársins í Hrunamannahreppi 2025



Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps auglýsir
eftir tilnefningum til íþróttamanns ársins fyrir árið 2025.

Með hverri tilnefningu skal fylgja rökstuðningur fyrir afrekum
viðkomandi íþróttamanns á árinu.

Skilyrði er að sá sem tilnefndur er sé skráður íbúi í
Hrunamannahreppi. Ekki er gerð krafa um að viðkomandi stundi
íþrótt sína innan sveitarfélagsins.

Óskað er eftir að tilnefningarnar verði sendar á
tölvupóstfangið sigfrid@fludir.is fyrir 1. apríl 2026.

Páskaeggjaviðburður annan í páskum



Mánudaginn 6. apríl, á annan í páskum, verður páskaeggjaviðburður Hrunamannahrepps í boði Límtrés/Vírnets í Lækjargarðinum á Flúðum og hefst skemmtunin kl. 11:00.

Heitt kakó með rjóma og kleinur í boði fyrir alla.
Komum saman, hreyfum okkur úti í náttúrunni og höfum gaman.

Frá Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd

**Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.**

Gísli Laugum

Sími 861 9682



Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf
Beðahreinsun - Garðsláttur
Garðauðun - Trjáklippingar
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufyrirgjafi

Sími 858 3399
graennaland@simnet.is



Sundlaugin á Flúðum 16. ágúst - 31. maí

Opin alla virka daga frá kl. 16:00 - 20:30

Morgunopnun á fimmtudögum
frá kl. 6:00 - 9:00

Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 13:00 - 18:00.

Tækjasalur á Flúðum

Opnunartími tækjasals:

Á virkum dögum:

kl. 6:00-14:00 án starfsmanns

kl. 14:00-20:00 með starfsmanni

Um helgar:

kl. 6:00-20:00 án starfsmanns

Vinsamlegast athugið að gengið er inn
á neðri hæð, bílastæðamegin.

Árskort sem gilda í sundlauginu, íþróttar- og
tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins
22.500 kr. Minnum á að hjá flestum stéttar-
félögum er hægt að sækja um styrk.

HRUNAPRESTAKALL



Kæru sveitungar.

Þá er Góan gengin í garð sem sögð er ganga í eljapílsí síðu. Framundan eru fjölbreyttir viðburðir í kirkjunum ykkar sem ég hvet ykkur til að njóta:

15. mars: Kvöldmessa í Hrunakirkju kl. 20. Pámi Gunnarsson, úr hljómsveitinni Mannakornum syngur og kórinn með honum.

28. mars (lau): Ferming í Ólafsvallakirkju kl. 11.

29. mars - Pálmásunnudagur: Ferming í Hrunakirkju kl. 11

3. apríl – Föstudagurinn langi: Passíusálmalestur í Hrepphólakirkju frá kl. 12.

5. apríl– Páskadagur: Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8 og hátíðarmessa í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

19. apríl: Kvöldvaka í Ólafsvallakirkju kl. 20.

23. apríl – Sumardagurinn fyrsti: Ferming í Hrunakirkju kl. 13.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

APÓTEK

SUÐURLANDS

Apótek Suðurlands Flúðum opnar
lyfjaafgreiðslu á næstu dögum.
Hlökkum til samstarfsins í uppsveitum.
Opnunartími kl. 9-16 alla virka daga.
Allir velkomnir.

Hrunamannavegur 3, 845 Flúðir - Sími 482 1182

50 M² SUMARHÚS TIL SÖLU - TIL FLUTNINGS

Húsið er í dag notað sem sumarhústaður og er á Flúðum.
Húsið skiptist í forstofu, stofu, borðstofu í alrými, bað og svefnloft.

Verð: 18 milljónir. Fastanúmer: 234-3044

Gólfhlötur hússins er 50 m².

Upplýsingar gefur eigandi sem sýnir Rafn Einarsson s. 896 5430.
Fasteignasalan ÁS s. 862 3377. Eiríkur eða Svala 820 9699.




**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flíslagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



BORGTHOR ehf
Öll almenn gröfuhjónusta.
Útvegum allar gerðir
fyllingarefna



Bubbi 899-0816
Margrét 699-4001

Fotaaðgerðastofa
Öddu Siggu

Miðfelli 2a
Tímapantanir í síma
867 6580



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæsla Uppsveita

Heilsugæsla Uppsveita er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímapantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.

Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).



Viss Fréttir

VISS fréttir eru um ýmis konar hluti ásamt fréttum úr nágrenninu og skemmtilegar staðreyndir



Lambalæri



Jóa Marels er matgæðingur mánaðarins.

Lambalæri er mér efst í huga hvað varðar eldamennsku en ég hef lengi fengist við eldun þess og við allskonar aðstæður. Þá hef ég haft samneyti við ræktendur þess og fengið að aka þeim í vísinda- og skemmtiferðum og ekki hefur skugga borið á í þeim túrum.

Þegar ég elda lambalæri þá þek ég það með vandaðri ólífuolíu, salti og pipar. Þá set ég gjarnan blóðberg og birki með lærinu og sting jafnvel nokkrum hvítlauksrifjum í vöðvanna. Þegar ég er uppi til fjalla þá er góð leið að vefja lærið í álpappír, 2-3 lög eftir gæðum pappírsins og grafa ofan í holu með heitum kolum. Lærinu sný ég 3-4 sinnum á þeim 60-70 mínútur sem það tekur að fullelda það. Ef ég er elda lærið í byggð þá set ég það gjarnan í ofninn á 150 gráður í 2 tíma en ef ég er með læri af veturgömlu þá er best að elda það við lægri hita og lengur, við 100°C í um 6 tíma.

Að eldun lokinni er nauðsynlegt að steikin fái að hvíla í um 15 mín. áður en hún er skorin.

Meðlæti: Soðin steikt eða grilluð jarðepli, rjómalöguð Flúðasveppasósa og heimagert rauðkál sem er steikt í einn og hálfan tíma við vænan hita upp úr smjöri. Létt sykrað, edik eftir smekk og rifinn appelsínu/mandarínu börkur auk ávaxtanna. Og að lokum grænar baunir

Allt er þetta úr héraði nema grænu baunirnar, appelsínurnar og mandarínurnar. Þær eru úr héraði lengst í burtu .

Ég skora á Cirila Rós sem býr í Áslandi að færa okkur spennandi og framandi uppskrift að góðum rétti í næsta Pésa en Cirila kemur til okkar um langan veg.

HREPPAMAÐUR MÁNAÐARINS

Hreppamaður mánaðarins er viðtal við einstakling sem býr í Hrunamannahreppi

og sem er ekki endilega fæddur og uppalinn hér á svæðinu. Skemmtileg leið til að kynnst sveitungum okkar.

Hvað heitir þú og hvar áttu heima? Gunn Marit Hals Apeland heiti ég og bý á Efra-Seli.



Hvað hefur þú búið lengi í Hrunamannahreppi? Ég kom fyrst í hreppinn árið 1997 sem vinnukona í Silfurtúni, sem Marit og Örn ráku á þeim tíma. Það var mikil breyting að komast til Íslands. Ég varð strax mjög hugfangin af landinu og sérstaklega Hrunamannahreppi. Með tímanum hitti ég Daníel og við tókum saman. Við fluttum á Sel, eignuðumst börn og ég vann í garðyrkju og sem leigubílstjóri. Árið 2005 langaði Daníel að flytja til Noregs. Við bjuggum þar í 15 ár áður en mér tókst að fá hann með mér aftur til Íslands. Það var svo gott að komast aftur heim. Við fluttum aftur í hreppinn árið 2022.

Við hvað ertu að starfa? Í dag vinn ég á golfvelli á Seli. Þar er mörgu að halda við, ekki síst vegna allra trjána sem gróðursett hafa verið í landinu. Mér finnst dálítið spaugilegt að það séu betri laun á golfvelli en í matjurtarækt, en ég nýt vinnunnar og ekki síst þess hvað ég fæ mikið frí yfir veturinn.

Uppáhaldsstaðurinn þinn í Hrunamannahreppi? Uppáhaldsstaðurinn minn í hreppnum er sennilega þemburnar fyrir aftan bæinn hjá okkur. Uppi á 6. teig er alveg mögnuð fjallasýn; Tungnafjöllin skarta sínu fegursta og maður sér alla leið inn á Langjökul og í Kerlingarfjöll. Í hina áttina er að sjá Galtafell, Miðfell, Langholt og í fjarska Vörðufell og Hestfell.

Hvað er það besta við Hrunamannahrepp? Það sem mér finnst best við hreppinn er hversu fjölbreyttur hann er. Samfélagið er náíð, það er mikil sjálfböðavinna í því og fólk er tilbúið að vaða í verkin og hjálpast að þegar þess gerist þörf. Hér er falleg náttúra en samt iðnaður og atvinna.

Finnst þér þú vera Hreppamaður? Er ég Hreppamaður? Ég er margt og get sett alls konar miða á mig. Ég vona að Hreppamaður sé einn þeirra.

Fróðleiksmoli Að ganga um hringveginn á Íslandi (u.þ.b. 1.300–1.500 km eða 800–900 mílur) tekur venjulega einn til tvo mánuði, allt eftir hraða, veðri og hvíldardögum. Þótt metganga hafi verið kláruð á 32 dögum, tekur raunhæfari, öruggari og skemmtilegri langferðagangur um 6–8 vikur fyrir alla leið, sem er um það bil 2.500 km að meðtöldum krókum.

Kæru fulltrúar félaga og hópa




Okkur í afmælisnefndinni langar að hvetja ykkur til dádá með að skipuleggja viðburði yfir afmælisárið.

Nú er verið að vinna í dagskrá afmælishelgarinnar sem verður 13 og 14.júní. Bessi er kominn í þá vinnu með okkur og erum við að púsla þessu saman.

Það væri gaman að fá viðburði frá ykkur þá helgina eða einhverntíman yfir afmælisárið.

Hlökkum til að heyra frá ykkur.

F.h. afmælisnefndarinnar, Halldóra



BÆTIR ÞIG Á NÝJU ÁRI



BÓTARÉTTUR
INNHEIMTA SLYSA- OG SKAÐABÓTA

bótaréttur.is
520 5100
Suðurlandsbraut 24



Páskafjör á Sæsabar

Miðvikudagur 1.4 - Opnum klukkan 20:00

Fimmtudagur 2.4 - kl. 13:00

Bingó fyrir hressa krakka, passar vel fyrir aldurinn 3 - 10 ára, en auðvitað eru allir velkomnir og enginn fer tómhentur heim.

Fimmtudagur 2.4 - kl. 20:00

Fullorðins spurningakeppni (1- 4 í liði) stórgóðir vinningar.
Í beinu framhaldi verður lifandi tónlist fram að miðnætti.

Föstudagur 3.4 - Lokað

Laugardagur 4.4. - Opnum kl. 20:00

Góð tilboð alla páskana.

Minum á að Sæsabar tekur á móti hópum fyrir alls konar viðburði s.s. fundi, afmæli og klúbbstarfsemi, ekki hika við að hafa samband við okkur.

Þið finnið okkur á Facebook.

Ljósmyndasamkeppni

- Mannlíf og náttúra í Hrunamannahreppi

Í tilefni af 1150 ára afmælishátíð Hrunamannahrepps hefur verið ákveðið að efna til ljósmyndasamkeppni. Allir eru hvattir til að vera vakandi fyrir hinu fallega, sérkennilega og skemmtilega í umhverfi okkar og ekki síst því sem gerir sveitarfélagið einstakt.

Pema keppninnar er „Mannlíf og náttúra í Hrunamannahreppi“ en undir þann stóra mála-flokk heyrir til dæmis mannlíf, dýralíf, landslag, árstíðir, útivist eða einfaldeg skemmtileg og falleg augnablik úr hinu daglega lífi. Eina krafan er að myndin sé tekin í Hrunamannahreppi.




Hver þátttakandi má senda inn allt að 10 myndir og þurfa myndirnar að vera í góðum gæðum. Endilega sendið myndirnar á netfangið: hruni@fludir.is. Gott er að setja „Ljósmyndasamkeppni Hrunamannahrepps“ í efnislinu og taka fram nafn og símanúmer myndasmiðsins í tölvupóstinum.

Lokadagur til að skila myndum í keppnina er 10. janúar 2027.

Athugið að með þátttöku í samkeppninni veitir þátttakandi Hrunamannahreppi heimild til að nota innsendar myndir í kynningarefni og á miðlum sveitarfélagsins, reynt verður eftir fremsta megi að geta ljósmyndara.

Verðlaun verða veitt fyrir bestu myndirnar sem sérstök dómnefnd mun velja.

Það verður gaman að sjá hvernig íbúar og gestir sjá Hrunamannahrepp í gegnum linsuna. Bestu myndirnar verða svo til sýnis á góðum stað í upphafi árs 2027.



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

**Högnastíg 14
845 Flúðir**

flight@simnet.is

Sími 699 0757



HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

Vilt þú vinna á framúrskarandi vinnustað?

Við höfum opnað fyrir umsóknir um sumarstörf og
bjóðum upp á fjölbreytt og spennandi störf á
öllum deildum og starfsstöðvum HSU

HVERAGERÐI HÖFN Í HORNAFIRÐI
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR UPPSVEITIR
RANGÁRÞING SELFOSS VÍK
VESTMANNAEYJAR ÞORLÁKSHÖFN

Skannaðu
kóðann



Vertu með í
sumar

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2026



FAGMENNSKA



VIRÐING



SAMVINNA



Það er alltaf líflegt í menningarmiðstöðinni síðdegis á miðvikudögum. Nýlega rakst útsendari Pésans á þennan hóp sem vikulega mætir og þrýðir. Þær Telma, Erla, Eva og Jóna Björg vilja endilega fá fleiri með í hópinn svo hafið það í huga næsta miðvikudag.



Pésinn er lesinn af ungum sem öldnum enda borinn í öll hús í Hrunamannahreppi.

PÁSKAEGGJALEIT

4. apríl kl. 14:00

300 páskaegg verða falin um hótelsvæðið. Eftir leitina verður hægt að kaupa heitar vöfflur og kaffi/kakó, auk þess verður föndur og bío fyrir krakkana. Happy Hour í gangi og eldhúsið opið.



THE HILL

At Flúðir

Félagsheimilið

BÓKASAFN

LIBRARY

Opnunartími - Opening hours

Mán / Mon 10-16

Þrið / Tue 10-16

Mið / Wed 10-18

Fim / Thu 10-16

Fös / Fri 12-15

Lokað í hádeginu (12-13) - Closed during lunchtime (12-13)



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir (hruni@fludir.is)

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Svansvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600

pesi@fludir.is

www.fludir.is